

Priðjudaginn 25. október 1994.

Nr. 421/1994.

Jón Steindórsson

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

Djúpbátnum hf.

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Sakauki. Frávísunarúrskurði hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. september 1994, sem barst Hæstarétti 12. október sl. Um kæruheimild vísar hann til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður um frávísun dómkrafna sóknaraðila á hendur varnaraðila verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka kröfur sínar til efnislegrar meðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði í þessum þætti málsins og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hin kærða dómsathöfn er hluti úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness, sem upp var kveðinn 9. september 1994 í máli sóknaraðila gegn Fjörunesi hf. og Djúpbátnum hf. Kröfðust báðir stefndu frávísunar málsins. Kröfur stefnda Fjörunes hf. um frávísun krafna á hendur því félagi var hafnað, en krafa Djúpbátsins hf. tekin til greina.

Sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt veðbókarvottorð, dagsett 19. október 1994, fyrir ms. Fjörunes, en samkvæmt því er Fjörunes hf. eigandi skipsins. Þá liggur fyrir, að riftun Djúpbátsins hf. á sölu ms. Fjörunes til Fjörunes hf. átti sér ekki stað fyrr en eftir höfðun máls þessa. Þá heldur sóknaraðili því fram, að hann hafi ekki haft aðgang að bókum Fjörunes hf. eftir að störfum hans hjá félaginu lauk í október 1993.

Samkvæmt þessu verður niðurlagsákvæði 3. mgr. 19. gr. laga nr.

91/1991 um meðferð einkamála ekki talið standa því í vegi, að sóknaraðili fái komið fram sakaukasök á hendur varnaraðila í máli þessu. Er þess þá jafnframt að gæta, að hann gaf út stefnu í sakaukasök, jafnskjótt og greinargerð Fjöruneess hf. í málinu var fram komin. Ber því að fallast á kröfur sóknaraðila og dæma honum málskostnað í héraði í þessum þætti málsins og kærúmálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Felld eru úr gildi ákvæði í hinum kærða úrskurði um frávísun krafna sóknaraðila, Jóns Steindórssonar, á hendur varnaraðila, Djúpbátnum hf., og ákvæði um greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 70.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. september 1994.

Árið 1994, föstudaginn 9. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem er háð að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. E-493/1994 og E-807/1994: Jón Steindórsson gegn Fjörunesi hf. og Djúpbátnum hf.

Mál þetta er með stefnu, út gefinni 5. apríl sl. og birtri 6. apríl sl., höfðað gegn Fjörunesi hf., og með sakaukastefnu, út gefinni 17. maí sl., en birtri 20. maí sl., er málið og höfðað gegn Djúpbátnum hf. til að þola staðfestingu á sjóveðsrétti í ms. Fjörunesi, skipaskrárnúmer 0046, fyrir kröfum stefnanda í frumsök. Í aðalstefnu eru gerðar þær kröfur, að stefnda Fjörunes hf. verði dæmt til að greiða stefnanda ógreidd laun vegna vinnu hans sem skipstjóra á ms. Fjörunesi, og er stefnufjárhæð 537.227,00 kr. auk dráttarvaxta, sem nánar eru tilgreindir í stefnu, og málskostnað að skaðlausu, og einnig er krafist staðfestingar á sjóveðsrétti í ms. Fjörunesi.

Í málinu hafa báðir stefndu gert kröfu um, að málinu verði vísað frá dómi, og var krafa þeirra að loknum munnlegum málflutningi tekin til úrskurðar 1. september sl.

Stefnda Fjörunes hf. reisir kröfu sína á því, að samkvæmt fram lögðu veðbókarvottorði, dags. 17. maí 1994, sé Djúpbáturinn hf. þinglýstur eigandi ms. Fjöruneess, og þar sem félaginu hafi ekki verið stefnt, er málið var þingfest 12. apríl sl. til að svara til saka, beri með vísan til 2. mgr. 18. gr. eml. að vísa málinu frá dómi, og einnig er vísað til þess í því sambandi, að kaupsamningi milli Djúpbátsins hf. og stefnda Fjöruneess hf. um ms. Fjörunes hafi verið rift.

Sakaukastefndi reisir kröfu sína á því, að við útgáfu aðalstefnu hafi legið fyrir í þinglýsingabókum, að hann var þinglýstur eigandi ms. Fjöruneess, og hafi stefnanda borið að afla sér veðbókarvottorðs um skipið og leggja það fram við þingfestingu, sem sé forsenda þess, að dæma mætti um sjóveðsrétt í því, og hefði það því átt að liggja frammi við þingfestingu málsins. Hefði stefnandi gætt þessa, hefði hann átt að gera sér grein fyrir, að sakaukastefndi var eigandi skipsins, og þá verið í lófa lagið að stefna honum með eðlilegum hætti, og þar sem einvörðungu sé vanrækslu stefnanda um að kenna, að sakaukastefnda var ekki stefnt með eðlilegum hætti, séu engin lagaskilyrði til að stefna honum inn í málið, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 19/1991, og ber því að vísa kröfum á hendur sakaukastefnda frá dómi. Þá er því jafnframt haldið fram, að stefnanda hafi sem framkvæmdastjóra stefnda Fjöruneess hf. og stjórnarmeðlims þess hlotið að vera ljóst við málshöfðun, hver staða félagsins var gagnvart sakaukastefnda, og að hann var enn þinglýstur eigandi skipsins. Verði að leggja stefnanda það til sakar, ef hann hafi ekki upplýst lögmann sinn um þetta.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að krafa frumstefnda sé tilefnislaus, þar eð ekki sé skylt skv. 18. gr. eml. að stefna sakaukastefnda í málið. Þá er kröfu sakaukastefnda um frávísun mótmælt sem tilefnislausri. Ekki sé skylda eða beri nauðsyn til að afla veðbókarvottorðs, áður en mál sé höfðað til staðfestingar á sjóveðsrétti, og það hefði ekki heldur breytt neinu í þessu sambandi, þar eð í þinglýsingabókum hafi stefndi Fjörunes verið skráð eigandi skv. afsali, en ekki kaupsamningi, og það svo verið leiðrétt eftir ábendingu lögmanns stefnanda. Lögmaður stefnanda hafi ekki fengið upplýsingar um, að stefndi Djúpbáturinn hf. var þinglýstur eigandi skipsins, fyrr en í greinargerð frumstefnda og þá þegar gefið út sakaukastefnu og sakaukamálið verið sameinað aðalmálinu án mótmæla af hálfu umboðsmanns stefndu.

Í þinghaldi 30. júní sl. upplýsti umboðsmaður frumstefnda, að það væri rétt, sem fram kæmi í sakaukastefnu, að fyrir útgáfu fram lagðs veðbókarvottorðs hefði frumstefndi skv. veðmálalabókum verið skráður eigandi ms. Fjöruneess – 0046 skv. afsali, en það síðar verið leiðrétt þannig, að hann væri eigandi samkv. kaupsamningi.

Þá kemur fram í gögnum málsins, að stefnandi þess var framkvæmdastjóri frumstefnda Fjöruneess hf. og var einnig í stjórn félagsins og með prókúru. Í starfssamningi, sem stjórn og varastjórn þess undirrita, kemur fram, að daglegur rekstur félagsins verði í höndum framkvæmdastjóra þess og svo stjórnarformanns.

Í málinu var leitað sátta án árangurs.

Niðurstöður.

Ekki er fallist á þau rök frumstefnda, að borið hafi að stefna saman frumstefnda og sakaukastefnda í upphafi skv. 2. mgr. 18. gr. eml. vegna samaðildar, og er hrundið kröfunni um frávísun málsins í heild frá dómi vegna þess, að það hafi ekki verið gert.

Fallast má á, að rétt hefði verið, að stefnandi hefði lagt fram við þingfestingu málsins veðbókarvottorð um ms. Fjörunes, þar sem hann gerði kröfu um, að staðfest yrði sjóveð í skipinu. Hins vegar er ómótmælt, að umboðsmaður stefnanda hafði kynnt sér veðmálabækur og var eftir það í góðri trú um, að frumstefndi væri eigandi skipsins, og vanrækslu hans ekki um kennt að þessu leyti, að sakaukastefnda var ekki stefnt í upphafi með frumstefnda. Engu að síður er ljóst, að stefnanda sem stjórnarmanni og framkvæmdastjóra frumstefnda hlaut að vera kunnugt um, að um kaup skipsins hafði verið gerður kaupsamningur, sem frumstefnda hafði ekki tekist að efna, svo að sakaukastefndi rifti samningnum. Þrátt fyrir það að kaupsamningurinn kunni að hafa verið rangt færður inn í veðmálabækur, hefði það ekki átt að dyljast stefnanda, að sakaukastefndi var enn eigandi skipsins, og verður hann að bera hallann af því að vanrækja að upplýsa umboðsmann sinn um þetta. Það er því mat réttarins, að stefnandi hafi haft öll tók á því að stefna sakaukastefnda um leið og frumstefnda, og verður um að kenna vanrækslu hans, að það var ekki gert, og er því fallist á kröfu sakaukastefnda um, að vísa beri frá dómi kröfu stefnanda í sakaukastefnu, sbr. 3. mgr. 19. gr. eml.

Eftir þessum málsúrslitum þykir bera að dæma stefnanda til að greiða sakaukastefnda 35.000,00 kr. í málskostnað, en ákvörðun málskostnaðar að öðru leyti bíði dóms í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu frumstefnda Fjörunes hf. um, að málinu verði í heild vísað frá dómi, er hrundið.

Kröfu stefnanda, Jóns Steindórssonar, á hendur sakaukastefnda, Djúpbátnum hf., að honum verði gert að þola sjóveðsrétt í ms. Fjörunesi, skipaskrárnúmer 0046, fyrir kröfum stefnanda á hendur frumstefnda, er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði sakaukastefnda, Djúpbátnum hf., 35.000,00 kr. í málskostnað, en ákvörðun málskostnaðar að öðru leyti bíði dóms í málinu.